# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 3. september kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 835. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Lilja Grétarsdóttir, Ólafur Melsted, Helena Stefánsdóttir og Ólöf Sara Gregory.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sólveig Sigurðardóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir og Björn Ingi Edvardsson.

Ritari var Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Fossvogsvegur 8,** *breyting á deiliskipulagi* (01.849.2) Mál nr. SN210345 Skjalnr. 13951

Guðmundur Gunnlaugsson, Naustabryggja 54-56, 110 Reykjavík
Nýbraut ehf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. maí 2021 var lögð fram umsókn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 6. maí 2021 ásamt bréfi dags. 5. maí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vigdísarlundar vegna lóðarinnar nr. 8 við Fossvogsveg. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir 15 bíla bílgeymslu neðanjarðar ásamt rampa niður í hana. Heimild til að gera bílastæði framan við húsið er breytt úr 21 bílastæði í 6 bílastæði fyrir íbúðirnar og 5 gestabílstæði. Einnig er gerð heimaakstursgata og fallið frá því að bakkað sé út í Fossvogsveg, samkvæmt uppdr. Guðmundar Gunnlaugssonar arkitekts dags 30. júlí 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Leiðrétt bókun frá fundi skipulagsfulltrúa þann 13. ágúst 2021.*
*Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Fossvogsbletti 2a, Kjarrvegi 1, 2, 4, 6 og Klifvegi 1, 2, 4 og Ánalandi 6.*
*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

2. **Funafold 35,** *breyting á deiliskipulagi* (02.861.2) Mál nr. SN210487 Skjalnr. 14464

ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Írunn Ketilsdóttir, Funafold 35, 112 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn ASK arkitekta dags. 30. júní 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Íbúðarbyggðar norðan Grafarvogs - suðurhluta vegna lóðarinnar nr. 35 við Funafold. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta dags. 30. júní 2021. Tillaga var grenndarkynnt frá 30. júlí 2021 til og með 30. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

3. **Skipholt 1,** *Fjölbýlishús* (01.241.206) Mál nr. BN059412
Skjalnr. 13462

Skipholt ehf., Starhaga 4, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051113 þannig að innréttaðar verða 34 íbúðir í stað hótels, byggðar svalir á götuhlíð og svalagangur á garðhlið, ofanábygging að Stórholti er felld út og í staðinn gerðar sameiginlegar þaksvalir og garður á baklóð við hús á lóð nr. 1 við Skipholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 25. maí 2021, greinargerð Lotu vegna burðarvirkis ódagsett ásamt því að lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. mars 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2021. Stækkun/minnkun frá eldra erindi: xx ferm. Eftir stækkun/minnkun, A-rými: 3.501 ferm., 10.479,8 rúmm. B-rými: 375,5 ferm. Gjald kr. 12.100.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021 samþykkt.*

4. **Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 2,** (04.0) Mál nr. SN170900
*deiliskipulag, kynning* Skjalnr. 11291

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 2. - Sævarhöfði á Ártúnshöfða. Svæðið er um það bil 18 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu allt að 1917 íbúða, safnskóla og skóla, verslunar- og þjónustusvæði, almenningsrýmum, borgarlínu og borgarlínustöð. Samhliða skipulagsgerðinni er unnið að vistvottun skipulagsins samkvæmt forsendum vistvottunarkerfisins Breeam Communities.
Tillagan er lögð fram í samræmi við eftirfarandi gögn ráðgjafa frá Arkís arkitektum:
Almennri greinargerð fyrir svæði 2 (og svæði 1) dags. 4. júní 2021
Greinargerð og skilmálar fyrir byggingar og lóðir fyrir svæði 2, dags. 4. júní 2021
Deiliskipulags- og skýringaruppdrættir dags. 4. júní 2021
Einnig er lögð fram Hönnunarhandbók fyrir opin svæði, inngarða og almenningsrými dags. 4. júní 2021, unnin af Landslagi, samgöngumat Verkís dags. júní 2021, Húsakönnun fyrir Ártúnshöfða svæði 1-4 dags. apríl 2021, hljóðvistarskýrsla Verkís dags. maí 2021, umhverfisskýrsla Verkís dags. maí 2021 og mengunarrannsókn Verkís dags. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 18. ágúst 2021, Stefán Auðólfsson f.h. Tak-Malbik ehf. dags. 31. ágúst 2021, Samtök um bíllausan lífstíl dags. 31. ágúst 2021, Árni Davíðsson dags. 31. ágúst 2021,
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

5. **Elliðaárvogur/Ártúnshöfði svæði 1,** (04.0) Mál nr. SN170899
*deiliskipulag, kynning* Skjalnr. 11291

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 1. - Krossamýrartorg á Ártúnshöfða. Svæðið er um það bil 16 ha að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 1570 íbúða, skóla, verslunar- og þjónustusvæði við Krossamýrartorg, almenningsrýmum, borgarlínu og borgarlínustöð. Samhliða skipulagsgerðinni er unnið að vistvottun skipulagsins samkvæmt forsendum vistvottunarkerfisins Breeam Communities.
Tillagan er lögð fram í samræmi við eftirfarandi gögn ráðgjafa frá Arkís arkitektum og ASK arkitektum:

Almenn greinargerð fyrir svæði 1 (og svæði 2) dags. 4. júní 2021
Skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð fyrir svæði 1. dags. 4. júní 2021
Deiliskipulags- og skýringaruppdrættir dags. 4. júní 2021
Einnig er lögð fram Hönnunarhandbók fyrir opin svæði, inngarða og almenningsrými dags. 4. júní 2021, unnin af Landslagi, samgöngumat Verkís dags. júní 2021, Húsakönnun fyrir Ártúnshöfða svæði 1-4 dags. apríl 2021, hljóðvistarskýrsla Verkís dags. maí 2021, umhverfisskýrsla Verkís dags. maí 2021 og mengunarrannsókn Verkís dags. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 18. ágúst 2021, Stefán Auðólfsson f.h. Tak-Malbik ehf. dags. 31. ágúst 2021, Samtök um bíllausan lífstíl dags. 31. ágúst 2021, Árni Davíðsson dags. 31. ágúst 2021,
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

6. **Háskólinn í Reykjavík - Nauthólsvegur 81,** *breyting á deiliskipulagi* (01.751) Mál nr. SN210611 Skjalnr. 13051

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðar nr. 81 við Nauthólsveg (reits F). Í breytingunni felst breyting á byggingarreit 1. hæðar. Reiturinn er stækkaður til að skapa svigrúm fyrir útfærslu en byggingarmagn er óbreytt. Þá er skerpt á landnotkunarskilgreiningu lóðarinnar og henni breytt úr "Grunnskóli" í "Grunnskóli/Leikskóli", samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta, dags. 31. ágúst 2021.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

7. **Köllunarklettsvegur 1,** *Stækka húsið - ofanábygging, viðbygging o.fl.* (13.2--.98) Mál nr. BN059798 Skjalnr.

Hafnagarður ehf., Vallakór 4, 203 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að sameina mhl. 01 og 02 í mhl. 02, byggja tvær hæðir ofaná, byggja flóttastiga við báða gafla og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.
Stækkun: 862,2 ferm., 3.405,1 rúmm. Eftir stækkun, mhl. 02: 3.548,2 ferm., 14.728,1 rúmm. Gjald kr. 12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

8. **Smárarimi 47,** *(fsp) fjölgun bílastæða* (02.534.3) Mál nr. SN210598 Skjalnr. 11247

Ásdís Hallgrímsdóttir, Smárarimi 47, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ásdísar Hallgrímsdóttur dags. 25. ágúst 2021 ásamt bréfi dags. sama dag um fjölgun bílastæða á lóð nr. 47 við Stararima, samkvæmt tillögu ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

9. **Spítalastígur 7,** *(fsp) stækkun og hækkun húss* (01.180.2) Mál nr. SN210599 Skjalnr. 13538

Endurskoðun Hafnarfjarðar ehf., Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfjörður

Lögð fram fyrirspurn Endurskoðunar Hafnarfjarðar dags. 24. ágúst 2021 um stækkun á þriðju hæð hússins á lóð nr. 7 við Spítalastíg ásamt hækkun um eina hæð/rishæð, samkvæmt tillögu dags. 10. febrúar 2016.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

10. **Bergstaðastræti 18,** *(fsp) flutningur húss, stækkun o.fl.*

Mál nr. SN210607
Skjalnr.

Ólöf Flygenring, Mjóahlíð 4, 105 Reykjavík
Örn Úlfar Höskuldsson, Bergstaðastræti 20, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ólafar Flygenring dags. 30. ágúst 2021 um flutning húss, sem áður stóð á lóð nr. 7 við Bergstaðastræti, á lóð nr. 18. við Bergstaðastræti. Stækkun á viðbyggingu aftan við húsið og því að reisa nýja viðbygging við gafl hússins á lóð nr. 20 við Bergstaðastræti, samkvæmt tillögu/skissu ódags. Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns reykjavíkur dags. 19. mars 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. mars 2021.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Jöfursbás 9,** *Fjölbýlishús* (22.206.01)

Mál nr. BN059396
Skjalnr. 14406

Hverfið Gufunes ehf., Skipholti 50d, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með risi, að hluta steinsteypt og að hluta úr forsmíðuðum einingum, einangrað að utan og klætt báruðu og sléttu áli, með 14 íbúðum ásamt hjólaskýli sem verða mhl. 01 og mhl. 02 og verður fyrsti áfangi bygginga á lóð nr. 9 við Jöfursbás. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021.
Erindi fylgir hljóðvistargreinargerð frá Mannvit dags. 18. maí 2021 og greinargerð um brunavarnir frá Mannvit dags. 18. maí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júní 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 18. júní 2021. Stærð, mhl. 01, A-rými: 1.080,4 ferm., 3.466,8 rúmm. B-rými: 91,3 ferm. Samtals: 1.060,8 ferm. Mhl. 02, A-rými: 22,9 ferm., 80,2 rúmm. Gjald kr. 12.100.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021 samþykkt.*

12. **Kjalarnes - náma við Blikadalsá,** *framkvæmdaleyfi*

Mál nr. SN210590
Skjalnr. 14541

Ístak hf., Bugðufljóti 19, 270 Mosfellsbær

Lögð fram umsókn Ístaks dags. 19. ágúst 2021 ásamt bréfi ódags. um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í námu við Blikadalsá - E2. Megintilgangur fyrir efnistökunni er uppbygging á Vesturlandsvegi, sem er verkefni í umsjón Vegagerðarinnar og heitir "Hringvegur um Kjalarnes. Einnig er lögð fram úttekt úr Aðalskipulagi Reykjavíkur ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

13. **Langavatnsvegur 2,** *(fsp) deiliskipulag* (05.15)

Mál nr. SN210612
Skjalnr. 13492

Karl Bernburg, Efstaleiti 10, 103 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Karls Bernburg dags. 30. ágúst 2021 þar sem fyrri fyrirspurn er ítrekuð og óskað eftir því að farið verði af stað með deiliskipulag fyrir Langavatnsveg 2. Umsækjandi leggur til að landinu verði skipt upp og núverandi hús verði áfram til staðar. Lagt er fram fyrirspurnarbréf dags. 18. febrúar 2019 sem fylgdi fyrri fyrirspurn og ítarlegra fyrirspurnarbréf ódags. og samþykkt rammaskipulag fyrir svæðið.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

14. **Laugarnestangi,** *friðlýsing menningarlandslags* (01.32) Mál nr. SN210615 Skjalnr. 10484

Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands dags. 20. ágúst 2021 vegna útvíkkunar á friðlýsingu menningarminja á Laugarnestanga. Einnig eru lögð fram drög að friðlýsingarskilmálaum ásamt fylgiskjölum. Óskað er eftir að athugasemdir vegna tillögu að friðlýsingu berist fyrir 10. september 2021.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

15. **Rökkvatjörn 2,** *Fjölbýli með 52 íbúðum* (50.525.01) Mál nr. BN059800 Skjalnr. 14215

Al-verk ehf., Bæjarflöt 9, 112 Reykjavík
Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja þrjú 4-hæða fjölbýlishús með kjallara, mhl. 01, 02 og 03, tengd saman á jarðhæð með einnar hæða lágbyggingum fyrir hjólageymslur og sameiginlega bílgeymslu, mhl.04, á lóð nr. 2 við Rökkvatjörn.
Stærðir: Mhl.01: 1.308.4 ferm., 4.139.9 rúmm. Mhl.02: 1.269.8 ferm., 4.140.3 rúmm. Mhl.03: 1.334.1 ferm., 4.149.5 rúmm. Mhl.04: 857.6 ferm., 2.493.7 rúmm. Gjald kr. 12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

16. **Rökkvatjörn 6,** *(fsp) samþykki á vikmörkum* (05.052.3) Mál nr. SN210614 Skjalnr. 14012

Einar Brynjarsson, Gerplustræti 13, 270 Mosfellsbær

Lögð fram fyrirspurn Einars Brynjarssonar dags. 1. september 2021 ásamt bréfi dags. sama dag um að vikmörk verði látin gilda um íbúafjölda á lóð nr. 6 við Rökkvatjörn, en óskað er eftir að vera með 12 íbúða fjölbýlishús á lóð.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

17. **Ægisíða 102,** *Breyting á húsi þar sem skyggni er rifið og fjarlægt* (15.273.06) Mál nr. BN059793 Skjalnr. 10766

Festi hf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að rífa niður núverandi skyggni sem er orðið lélegt, sem er á samþykktum teikningum og skráningartöflu af mhl. 01 bensínstöð á lóð nr. 102 við Ægisíðu.
Niðurrif af B rými er: 254,0 ferm., XX rúmm. Gjald kr. 12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

18. **Ártúnshöfði iðnaðarsvæði,** *breyting á deiliskipulagi* (04.0) Mál nr. SN210420 Skjalnr. 6064

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða - iðnaðarsvæði. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Ártúnshöfða - Iðnaðarsvæði er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 11,5 ha, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 20. apríl 2021. Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

19. **Elliðaárdalur svæði norðan Miklubrautar,** *breyting á deiliskipulagi* (04.2) Mál nr. SN210419 Skjalnr. 5813

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals svæði norðan Miklubrautar. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Elliðaárdals norðan Vesturlandsvegar er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 10 ha samkvæmt uppdr. Landslags dags. 30. mars 2021. Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

20. **Flugvöllur,** *Nauthólsvegur 68 - Flugskýli og tengibygging* (01.689.9) Mál nr. BN059588 Skjalnr. 11372

Öryggisfjarskipti ehf, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. júlí 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja flugskýli, mhl. 07, fyrir tvær þyrlur og gera tengibygginu á tveimur hæðum, sem sem tengist núverandi flugskýli og á að hýsa skrifstofur, mötuneyti starfsmanna, búningsklefa og hvíldarrými fyrir stafsfólk, á lóð nr. 68B við Nauthólsveg flugvöllur. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021.
Bréf frá umsækjanda dags. 29. júní 2021 fylgir. Stærð: 2.881,6 ferm., 18.740,7 rúmm. Gjald kr. 12.100
*Leiðrétt bókun frá fundi skipulagsfulltrúa þann 20. ágúst 2021.*
*Rétt bókun er: Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021 samþykkt.*

21. **Garðastræti 36,** *Svalir, tröppur og innra skipulag.* (11.610.10) Mál nr. BN059420 Skjalnr. 14492

Gunnar Steinn Gunnarsson, Garðastræti 36, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, setja svalir með tröppum niður í garð á suðurhlið og útitröppur fjarlægðar á vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 36 við Garðastræti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 25. ágúst 2021, umsögn Minjastofnunnar dags. 26. ágúst 2021 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021. Lögð er fram breytt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. september 2021.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 25. maí 2021, umsögn burðarvirkishönnuðar dags 20. maí 2021 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 12.100
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021 samþykkt.*

22. **Álfaland 15,** *(fsp) breyta sambýli í íbúðir* (01.84) Mál nr. SN210591 Skjalnr. 5540

Ólafur Óskar Axelsson, Vesturgata 52, 101 Reykjavík
Berglind Júlíusdóttir, Fellsendi, 276 Mosfellsbær

Lögð fram fyrirspurn Ólafs Ó. Axelssonar og Berglindar Júlíusdóttur dags. 18. ágúst 2021 um að breyta sambýli á lóð nr. 15 við Álfaland í þrjár íbúðir, samkvæmt. skissum VA arkitekta ehf. ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

23. **Ásvallagata 5,** *Breyting á stigagangi - bætt við svölum* (11.623.07) Mál nr. BN059537 Skjalnr. 14451

Steinunn Hauksdóttir, Ásvallagata 5, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir svölum á 2. hæð suðurhliðar, gera nýja hurð í stigahús, breyta innra skipulagi og koma fyrir nýjum þakgluggum í risi á húsi nr. 5 á lóð nr. 5 við Ásvallagötu.
Minnkun vegna inndreginna svala í risi: 3,1 ferm. Stærð eftir breytingu: 337,2 ferm. , 940,1 rúmm. Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 14. júní 2021 og yfirlýsing burðarþolshönnuðar dags. 8. júlí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 23. júlí 2021. Gjald kr.12.100
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

24. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar,** *bráðabirgðabílastæði* (01.63) Mál nr. SN210490 Skjalnr. 9008

ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Bjargargötu 1, 102

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. júlí 2021 var lögð fram fyrirspurn ASK arkitekta dags. 1. júlí 2021 ásamt bréfi dags. 1. júlí 2021 um bráðabirgðabílastæði á óbyggðum lóðum Vísindagarða Háskóla Íslands, lóð B og að hluta til á lóð E og H, samkvæmt uppdrætti ASK Arkitekta, dags. í júlí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. september 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. september 2021 samþykkt.*

25. **Járnháls 2-4,** *(fsp) skipting lóðar* (04.323.3) Mál nr. SN210482 Skjalnr. 11742

Ólafur I Halldórsson, Naustabryggja 38, 110 Reykjavík
LF1 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Ólafs I. Halldórssonar, dags. 28. júní 2021, ásamt bréfi dags. 25. júní 2021 um skiptingu lóðarinnar nr. 2-4 við Járnháls í tvær lóðir (nr. 2 og 4). Einnig er lagt fram umboð dags. 24. júní 2021 og yfirlýsing dags. 11. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2021 samþykkt.*

26. **Héðinsgata 2,** *tímabundin undanþága frá starfsleyfi - umsagnarbeiðni* (01.327.5) Mál nr. SN210498 Skjalnr. 8604

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lagt fram erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 18. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir umsögn um athugasemdir Vöku dags. 13. ágúst 2021 á fyrirhugaðri synjun ráðuneytisins um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi að Héðinsgötu 2 fyrir úrgang þ.e. móttöku á bílum til úrvinnslu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2021 samþykkt.*

27. **Laugavegur 32,** *(fsp) fjölgun íbúða* (01.172.2) Mál nr. SN210503 Skjalnr. 12132

ET fasteignir ehf., Valshlíð 2, 102
Einar Örn Einarsson, Valshlíð 2, 102

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Einars Arnar Einarssonar f.h. ET fasteigna ehf dags. 2. júní 2021 um fjölgun íbúða í húsinu á lóð nr. 32 við Laugaveg sem felst í að gera tvær íbúðir í mhl. 02 0201, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. ágúst 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. ágúst 2021 samþykkt.*

28. **Laugavegur 83,** *notkun húss - pítsustaður* (01.174.1) Mál nr. SN210613 Skjalnr. 9667

101 Fasteignafélag ehf, Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf Hákonar Arasonar f.h. 101 fasteignafélags ehf. dags. 17. ágúst 2021 um hvort það samræmist skipulagi að vera með "take away" pítsustað í húsinu á lóð nr. 83 við Laugaveg.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

29. **Lindargata 12,** *(fsp) kvistur* (01.151.5) Mál nr. SN210559 Skjalnr. 8035

Bjarni Þóroddsson, Lindargata 12, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Bjarna Þóroddssonar, dags 20. júlí 2021 um að setja kvist á norðurhlið hússins á lóð nr. 12 við Lindargötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2021 samþykkt.*

30. **Breiðholt I, Bakkar,** *breyting á deiliskipulagi vegna Arnarbakka* (04.6) Mál nr. SN200364 Skjalnr. 7893

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna Arnarbakka. Breytingin felst í heimild til niðurrifi á núverandi verslunar og þjónustuhúsnæði í Arnarbakka 2-6, uppbyggingu námsmannaíbúða með verslunar- og þjónusturýmum að hluta til á 1. hæð auk íbúðarhúsnæðis á grænni þróunarlóð, gróðurhúss og endurbætur á grænu svæði, samkvæmt uppdr. BASALT arkitekta ehf. dags. 9. júní 2021. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 26. júní 2020 og samgöngumat Mannvits dagsett 9. júní 2021. Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 18. ágúst 2021.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

31. **Breiðholt III, Fell,** *breyting á deiliskipulagi vegna Völvufells, Drafnarfells og Eddufells* (04.6) Mál nr. SN200365 Skjalnr. 6586

Að lokinni auglýsingu er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fell vegna Völvufells, Drafnarfells, Eddufells og Yrsufells. Breytingin felst í heimild til niðurrifs á leikskólunum Litla Holti og Stóra Holti, uppbyggingar nýs leikskóla með aðkomu frá göngugötu við Drafnarfell auk Völvufelli, auk uppbyggingar fyrir námsmannaíbúðir og sérbýli á grænum þróunarlóðum. Einnig eru þegar fengnar byggingaheimildir á lóð Drafnarfells 2-18 ofan verslana og uppbyggingarheimildir á lóð Eddufells 2-4 endurskoðaðar, samkvæmt uppdr. Krads ehf dags. 9. júní 2021. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 13. júlí 2020, samgöngumat Mannvits dags 9. júní 2021 og hljóðskýrsla Mannvits dags. 30. apríl 2021. Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Guðni Pálsson dags. 12. ágúst 2021 og Veitur dags. 18. ágúst 2021.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

32. **Fiskislóð 16-32 og Grandagarður 16-32,** *breyting á deiliskipulagi* (01.115.004) Mál nr. SN210466 Skjalnr. 14508

Andri Klausen, Tómasarhagi 27, 107 Reykjavík
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lögð fram umsókn Andra Klausen f.h. eigenda dags. 22. júní 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og 39-93 við Grandagarð. Í breytingunni felst að lóð B er stækkuð til að umlykja núverandi hús að Fiskislóð 28 og lóð C minnkar því sem um nemur. Einnig er lagður fram uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 18. ágúst 2018 br. 22. júní 2021.
Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*

33. **Hraunbær 143,** *Breyting á innraskipulagi í kjallara (tengist BN058735)* (43.412.01) Mál nr. BN059583 Skjalnr. 14316

Húsvirki ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058735, þannig að í stað sorpgeymslu í kjallara matshluta 03, verður komið fyrir opnu sorpgerði ofan jarðar á milli mhl.03 og mhl.01 og sérgeymslur íbúða stækkaðar og skráningartafla uppfærð til samræmis fyrir íbúðarhús, mhl.03, á lóð nr. 143 við Hraunbæ. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á óstimpluðum teikningum Grímu arkitekta ehf., dags. 18. janúar 2021. Gjald kr. 12.100
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021 samþykkt.*

34. **Langagerði 96,** *Viðbygging - kvistir* (18.330.07) Mál nr. BN059759 Skjalnr. 14452

Hjördís Elva Valdimarsdóttir, Langagerði 96, 108 Reykjavík
Atli Már Ágústsson, Langagerði 96, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á suðvesturhorn og þrjá nýja kvisti ásamt því að endurbyggja og stækka kvist sem fyrir er á einbýlishúsi á lóð nr. 96 við Langagerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021
Erindi fylgir afrit af umsögn skipulagsfulltrúa um fyrirspurn sama efnis dags. 12. mars 2021. Stækkun: ferm., rúmm. Eftir stækkun: Gjald kr. 12.100
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021 samþykkt.*
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 88, 90, 92, 94 og 98*
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020.*

35. **Lynghagi 14,** *(fsp) bílskúr með tómstundarherbergi* (01.554.3) Mál nr. SN210592 Skjalnr. 14228

Ólöf Sigursveinsdóttir, Lynghagi 14, 107 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ólafar Sigursveinsdóttur dags. 17. ágúst 2021 um að byggja 55 fm bílskúr með tómstundarherbergi á lóð nr. 14 við Lynghaga þar sem afmarkað er svæði fyrir bílskúr.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

36. **Vesturgata 2,** *breyting á deiliskipulagi* (01.140.0) Mál nr. SN210565
Skjalnr. 7502

Davíð Kristján Chatham Pitt, Skildinganes 11, 102
Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lögð fram umsókn Davíðs Kristjáns Chatham Pitt f.h. Tvíeyki ehf., varðandi breytingu á deiliskipulagi Grófarinnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Vesturgötu. Í breytingunni felst að gera svalir á bakhlið (norðurhlið) húss í porti ásamt flóttastiga, stækka geymslur undir hluta af svölum og gera bólverk (gamlan hafnarkant) sýnilegan að hluta, samkvæmt uppdr. Davíðs Kr. Pitt arkitekts dags. 25. júlí 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 5. október 2021.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Vesturgötu 2a, Hafnarstræti 1-3 og Tryggvagötu 22.*
*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*

37. **Asparfell 2-12,** *(fsp) svalalokun* (04.681.0) Mál nr. SN210579
Skjalnr. 7961

Jón Þór Þorvaldsson, Logafold 128, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Jóns Þórs Þorvaldssonar dags. 16. ágúst 2021 um að loka svölum fjölbýlishússins á lóð nr. 2-12 við Asparfell.
*Vísað til umsagnar hverfisskipulags.*

38. **Hverfisskipulag - leiðbeiningar,** *leiðbeiningar* Mál nr. SN180716
Skjalnr. 7679

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að breytingu á leiðbeiningu hverfisskipulags um fjölgun íbúða dags. 31. maí 2021 sem felur í sér rýmri heimildir til stærðar aukaíbúðar í einbýlishúsum. Tillagan var auglýst frá 29. júní 2021 til og með 31. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

39. **Hverfisskipulag, Breiðholt 6.1 Neðra Breiðholt,** *tillaga* (06.1) Mál nr. SN160263
Skjalnr. 13219

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.1 Neðra Breiðholt, dags. 30. apríl 2021, ásamt almennri greinargerð og stefnu, dags. 30. apríl 2021, og skipulagsskilmálum, dags. 30. maí 2021. Einnig er lögð fram verklýsing fyrir hverfisskipulag dags. 25. mars 2015, lagf. 4. maí 2015, skýrsla um íbúaþátttöku og samráð dags. 7. desember 2020, athugasemdir, ábendingar og spurningar sem bárust á kynningartíma vinnslutillagna hverfisskipulags fyrir Breiðholt á tímabilinu 16. júlí til 18. september 2020, samantekt á úrvinnslu athugasemda og ábendinga frá íbúum og hagsmunaaðilum dags. 26. maí 2021 og byggðakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur fyrir borgarhluta 6, Breiðholt, skýrsla 216 frá árinu 2021. Tillagan var auglýst frá 29. júní 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Guðmundur Svafarsson dags. 21. júní 2021, Heiðdís Schell Traustadóttir dags. 26. júní 2021, bókun fulltrúa í íbúaráði Breiðholts dags. 20. ágúst 2021, Vegagerðin dags. 24. ágúst 2021 og svarbréf frá skipulagsdeild Kópavogs 26. ágúst 2021 ásamt umsögn umhverfissviðs Kópavogsbæjar 13. ágúst 2021.
*Vísað til umsagnar hverfisskipulags.*

40. **Hverfisskipulag, Breiðholt 6.2 Seljahverfi,** *tillaga* (06.2) Mál nr. SN160264 Skjalnr. 13220

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.2 Seljahverfi, dags. 30. apríl 2021, ásamt almennri greinargerð og stefnu, dags. 30. apríl 2021, og skipulagsskilmálum, dags. 30. apríl 2021. Einnig er lögð fram verklýsing fyrir hverfisskipulag dags. 25. mars 2015, lagf. 4. maí 2015, skýrsla um íbúaþátttöku og samráð dags. 7. desember 2020, athugasemdir, ábendingar og spurningar sem bárust á kynningartíma vinnslutillagna hverfisskipulags fyrir Breiðholt á tímabilinu 16. júlí til 18. september 2020, samantekt á úrvinnslu athugasemda og ábendinga frá íbúum og hagsmunaaðilum dags. 26. maí 2021 og byggðakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur fyrir borgarhluta 6, Breiðholt, skýrsla 216 frá árinu 2021. Tillagan var auglýst frá 29. júní 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Heiðdís Schell Traustadóttir dags. 26. júní 2021, Jóhanna Björk Gísladóttir dags. 8. júlí 2021, Svava Björg Hjaltalín Jónsdóttir f.h. eigenda við Akrasel 6 dags. 18. ágúst 2021, bókun fulltrúa í íbúaráði Breiðholts dags. 20. ágúst 2021, Helga Kristín Gunnarsdóttir f.h. Vina Vatnsendahvarfs dags. 20. ágúst 2021, Bókun fulltrúa í íbúaráði Breiðholts dags. 20. ágúst 2021, Vegagerðin dags. 24. ágúst 2021 og svarbréf frá skipulagsdeild Kópavogs 26. ágúst 2021 ásamt umsögn umhverfissviðs Kópavogsbæjar 13. ágúst 2021.
*Vísað til umsagnar hverfisskipulags.*

41. **Hverfisskipulag, Breiðholt 6.3 Efra Breiðholt,** *tillaga* (06.3) Mál nr. SN160265 Skjalnr. 13221

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.3 Efra Breiðholt, dags. 30. apríl 2021, ásamt almennri greinargerð og stefnu, dags. 30. apríl 2021, og skipulagsskilmálum, dags. 30. apríl 2021. Einnig er lögð fram verklýsing fyrir hverfisskipulag dags. 25. mars 2015, lagf. 4. maí 2015, skýrsla um íbúaþátttöku og samráð dags. 7. desember 2020, athugasemdir, ábendingar og spurningar sem bárust á kynningartíma vinnslutillagna hverfisskipulags fyrir Breiðholt á tímabilinu 16. júlí til 18. september 2020, samantekt á úrvinnslu athugasemda og ábendinga frá íbúum og hagsmunaaðilum dags. 26. maí 2021 og byggðakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur fyrir borgarhluta 6, Breiðholt, skýrsla 216 frá árinu 2021. Tillagan var auglýst frá 29. júní 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar: Heiðdís Schell Traustadóttir dags. 26. júní 2021, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti dags. 2. júlí 2021, Björn Ólafsson mótt. 12. júlí 2021, ótilgreindur aðili, vegna umferðar við Austurberg, dags. 12. júlí 2021, Bókun fulltrúa í íbúaráði Breiðholts dags. 20. ágúst 2021, Vegagerðin dags. 24. ágúst 2021 og svarbréf frá skipulagsdeild Kópavogs 26. ágúst 2021 ásamt umsögn umhverfissviðs Kópavogsbæjar 13. ágúst 2021.
*Vísað til umsagnar hverfisskipulags.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:09.

| | |
|---|---|
| Lilja Grétarsdóttir | Ólafur Melsted |
| Helena Stefánsdóttir | Ólöf Sara Gregory |